

REGLUGERÐ um edik og ediksýru.

128

17. des.

Skýring hugtaka.

1. gr.

Edik vinnst við ediksýrugerjun úr vökvum, sem í er vínandi (aethylalkóhól), eða þannig, að hreinsuð ediksýra er þynnt með vatni, unz í 100 rúmsentimetrum eru að minnsta kosti 3,5 grömm af vatnssnauðri ediksýru, en þó í mesta lagi 15 grömm.

Gerjunaredik er eingöngu unnið við ediksýrugerjun úr vökvum, sem vínandi er í, enda séu í 100 rúmsentimetrum að minnsta kosti 3,5 grömm af vatnssnauðri ediksýru, en í mesta lagi 15 grömm.

Kryddedik er edik eða gerjunaredik, sem unnið er á þann hátt, að plöntur eða plöntuhlutar eru kaldbleyttir í ediki eða ediksýru, eða að blandað er saman ediki eða gerjunarediki og plöntu- eða aldinsafa.

Vinedik er gerjunaredik, sem eingöngu er unnið úr neyrluhæfu víni.

Edik er flokkað í tvo flokka:

1. **Borðedik**, sem í eru að minnsta kosti 3,5 grömm af vatnssnauðri ediksýru í hverjum 100 sentimetrum.
2. **Matreiðsluedik**, sem í eru að minnsta kosti 10 grömm af vatnssnauðri ediksýru í hverjum 100 rúmsentimetrum.

Edik er stundum litað með brenndum sykri.

Ediksýra er hreinsuð ediksýra blönduð vatni, enda séu í henni að minnsta kosti 29,5%, en þó í mesta lagi 50% af vatnssnauðri ediksýru.

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

2. gr.

Minni skammta en 1 lítra af ediksýru má aðeins setja í umferð eða hafa á boðstólum í flöskum, sem á er límdur einkennismiði með eftirfarandi upplýsingum:

1. Orðið „ediksýra“.
2. Styrkleiki ediksýrunnar í hundraðshlutum, miðað við vatnssnauða ediksýru.
3. Nafn framleiðandans og framleiðslustaðurinn.
4. Orðin „banvænt óþynnt“, og séu þau prentuð með áberandi lit, sem ekki er notaður annarsstaðar á einkennismiðanum, og vel aðskilin frá öðrum áletrunum.
5. Leiðbeining um tilbúning ediks úr ediksýrunni í samræmi við ákvæði 1. greinar.

Aðrar áletranir mega ekki vera á miðanum eða flöskunni.

3. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að búa til edik eða ediksýru á þann hátt, að í þeim sé krótonaldehyd, krótonsýra, járneyansambönd, kvikasilfur, blý, kopar eða zink;
2. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi þesskonar edik eða ediksýru.

Matsreglur.

4. gr.

Edik og ediksýra sú, er hér greinir, er sérstaklega metin **skemmd**, og má ekki hafa í umferð, þótt auðkennnd sé með tilliti til þess:

1. Edik og ediksýra, sem í eru svo að verulegu nemur, ediksormar eða óhreinindi, sem stafa af smáverum.
2. Edik og ediksýra, sem á annan hátt eru verulega óhrein.
3. Edik og ediksýra, sem hafa, þynnt eða óþynnt, annarlega lykt eða bragð.
4. Edik og ediksýru, sem unnin eru að nokkru eða öllu leyti úr skemmdum efnum.

128

17. des.

5. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru edik og ediksýra metin **fölsuð**, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 5. tölulið þessarar greinar:

1. Edik og ediksýra, sem húin er til á þann hátt, að í þeim séu annarlegar sýrur, bragðsterk efni önnur en þau, sem nefnd eru í 1. málsgrein 1. greinar, eða rotvarnarefni.
2. Edik og ediksýra, sem í hefir verið notuð náttúrleg eða tilbúin vínberjaolía eða önanthetur.
3. Edik og ediksýra, sem í er meira af óhreinindum en minnst getur orðið, sérstaklega þó meira en 0,5 grömm af maurasýru (HCOOH) miðað við 100 grömm af vatnssnauðri ediksýru.
4. Ediksýra, sem hefir verið lituð.
5. Edik, sem hefir verið litað með brenndum sykri, enda sé það ekki auðkennt með orðunum: „Litað með brenndum sykri“.
6. Edik, sem í hafa verið notuð önnur litarefni en brenndur sykur.
7. Edik, sem í eru meira en 20 rúmhundraðshlutar af vinanda miðað við 100 grömm af vatnssnauðri ediksýru.
8. Edik, sem húið er til úr menguðu áfengi.
9. Ediksýra, sem í er minna en 29,5% af vatnssnauðri ediksýru.

6. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, telst vara **blekkjandi vegna villandi auðkenn- ingar, upplýsinga eða umbúnaðs**:

1. Vörur auðkenndar sem edik eða ediksýra, einhver sérstök edikstegund eða nafni sömu eða til- svarandi merkingar, enda fullnægi varan ekki þeim skilyrðum, sem edik og ediksýra eiga að fullnægja samkvæmt þessari reglugerð.
2. Ef gerjunaredik er auðkennt sem unnið úr ákveðnu hráefni, en er ekki eingöngu unnið úr því efni. Hér kemur þó ekki til greina lítið eitt af nauðsynlegum næringarefnum til viðgangs ediksýrugerlunum, og ef um brennivínsedik er að ræða í mesta lagi 2% af matarsalti.
3. Þegar edik eða ediksýra er auðkennt án orðanna „edik“ eða „ediksýra“.
4. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
5. Edik eða ediksýra, sem eru ranglega talin hafa sérstök hollustuáhrif.
6. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika ediks eða ediksýru.

Almenn ákvæði.

7. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 2.00 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

8. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

9. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. marz 1937.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.